

## Tillaga til ályktunar

– Fjöldi leikmanna á leikskýrslu í 2., 3. og 4. flokki –

### Grein 9.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

#### **Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2020 samþykki breytingar á grein 9.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót með eftirfarandi hætti:

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstríkað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **grænmerkt**.

Eftirfarandi breyting er lögð til í grein 9.3.:

- 9.3. Í keppni ~~7, og 8 og 11~~ manna liða er varamönnum og liðsstjórn heimilt að sitja á varamannabekk. Varamenn mega ekki vera fleiri en 5 og skulu þeir skráðir á leikskýrslu sem og nöfn allt að 5 manna í liðsstjórn. Í 2., 3. og 4. aldursflokki mega varamenn á leikskýrslu vera allt að 7 og nöfn allt að 5 manna í liðsstjórn. Í meistaraflokki mega varamenn ~~þé~~ vera allt að 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn. Á leikskýrsluna skal tilgreina kennitölu leikmanna og forráðamanna (fæðingardag í tilfelli útlendinga).

Lagt er til að áfram verði hægt að skipta öllum (7) varamönnum inn á í hverjum leik í nefndum aldursflokkum með þeirri takmörkun að aðeins yrði heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á). Yrði sú tilhögun samhljóma núverandi tilhögun á skiptingum í deildabikarkeppni karla (Lengjubikarnum).

Lagt er til að gerðar verði breytingar til samræmis á öðrum ákvæðum laga- og reglugerða KSÍ, svo sem gr. 24, 25, 26, 30, 31 og 32 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

#### **Greinargerð**

Lagt er til að hámarksfjöldi leikmanna á leikskýrslu í 2., 3. og 4. aldursflokki í hverju liði verði 18 í stað 16. Varamönnum myndi því fjölga úr 5 í 7 í nefndum flokkum. Áfram verði hægt að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að aðeins yrði heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á). Yrði sú tilhögun samhljóma núverandi tilhögun á skiptingum í deildabikarkeppni karla (Lengjubikarnum). Þessi tilhögun kemur til með að gefa þjálfurum tækifæri til að gefa öllum leikmönnum verkefni og verður til þess að ólíklegara sé að það þurfi að skilja leikmenn eftir heima. Oft er það þannig að þjálfarar taka þá áhvorðun að hafa ekki markmann á bekknum því ólíklegt er að honum sé skipt inná, sem myndi breytast með þessu. Lið sem t.d. hafa 36 iðkendur geta ekki verið með fleiri en tvö lið og það er ekki möguleiki að gefa öllum tækifæri að taka þátt. Með þessari breytingu verður það hægt.